



A 1612/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

Nefndarálit umhverfis- og náttúruauðlindanefndar um

Þingmannatillögu um að Norðurlöndin brúi bil milli iðnríkja og þróunarríkja í alþjóðlegu loftslagsviðræðunum

1. Tillaga nefndarinnar

Umhverfis- og náttúruauðlindanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórnna Norðurlandanna um

að þær ásamt Norrænu ráðherranefndinni þrói og grípi til aðgerða í því skyni að greiða fyrir pólitískum samræðum ráðherra frá iðnríkjum og þróunarríkjum og auki þannig líkur á að samkomulag um loftslagsmál náist árið 2015;

að þær beiti sér fyrir uppbyggingu *Græna loftslagssjóðsins (Green Climate Fund)* og kanni hvernig *Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)* geti stutt við starfsemi *Græna loftslagssjóðsins*.

2. Aðdragandi

Steen Gade hefur lagt fram þingmannatillögu um norrænar aðgerðir sem gætu greitt fyrir alþjóðlegum loftslagssamningi árið 2015. Meginmarkmiðið í loftslagsstefnu Norðurlandanna er að fá önnur ríki heims til að gangast undir hnattrænt samkomulag með því markmiði að binda enda á þær ískyggilegu breytingar sem eiga sér stað á andrúmslofti jarðar. Norðurlöndin standa framarlega á sviði þróunaraðstoðar og fyrir vikið hafa þau áunnið sér virðingu um heim allan. Löndin eru fámenn og þykja því ekki líkleg til að ásælast yfirráð yfir öðrum landsvæðum. Ósamkomulag milli iðnríkja og þróunarríkja stendur í vegi fyrir nýjum loftslagssamningi en þar geta Norðurlöndin látið til sín taka. Bent hefur verið á að Norðurlöndin margfalda styrk sinn þegar þau sameina krafta sína. Þann styrkleika ber að nýta til að greiða fyrir samræðum iðnríkja og þróunarríkja um aðgerðir til að ná megi tveggja hitastiga markmiðinu, um raunhæfar væntingar til loftslagssamnings árið 2015 og um fjármögnun Græna

loftslagssjóðsins sem ákveðið var að stofna á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2009.

Lagt er til að Norðurlöndin eigi sameiginlegt frumkvæði að leiðtogafundum um loftslagsmál með þátttöku norrænna fagráðherra og lykilaðila frá öðrum ríkjum. Aðalatriðið er að fundinn sitji fulltrúar LDC-landanna (minnst þróuðu ríkja heims: Least Developed Countries), AOSIS-landanna (samtaka smáeyjaríkja) og Climate Vulnerable Forum (samtök landa sem eru óvarin gegn loftslagsbreytingum). Mikilvægir aðilar á við BASIC-löndin (Brasilíu, Suður-Afríku, Indland og Kína), ESB og BNA ættu einnig að koma þar að málum og eiga kost á að fylgjast með gangi mála.

Bent er á að hér geti Norðurlöndin nýtt reynslu sína af Grænlands-samráðinu svonefnda sem fram fór í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn 2009 en þar var markmiðið að auka gagnkvæman skilning og traust milli þjóða. Norðurlöndin geta ennfremur stuðst við reynslu sína af sambærilegum aðgerðum í tengslum við Basel-samkomulagið og Lundúna-samkomulagið sem gerð voru á tíunda og níunda áratug síðustu aldar.

Í tillögunni kemur fram að það sem stendur loftslagsviðræðunum helst fyrir þrifum er gjáin milli iðnríkja og þróunarríkja þegar kemur að væntingum til þess hvernig fjármagna eigi loftslagsaðgerðir í þróunarríkjunum. Í því sambandi má benda á ákvörðun sem tekin var á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn um stofnun *Græna loftslagssjóðsins (The Green Climate Fund)*. Sjóðurinn er kominn á laggirnar og nú er komið að því að fjármagna hann. Í tillögunni eru Norðurlöndin hvött til að styðja sjóðinn.

3. Sjónarmið nefndarinnar

NOAK-hópurinn svonefndi fékk tillöguna til umsagnar en það er vinnu-hópur Norrænu ráðherranefndarinnar sem vinnur að faglegum undirbúningi alþjóðlegu loftslagsviðræðnanna.

NOAK-hópurinn getur þess að á síðustu loftslagsráðstefnu sem fram fór í Varsjá 2013 hafi komið í ljós að traust skorti á milli viðræðuaðila. Þróunarríkin gera sér miklar væntingar um minnkun losunar á gróðurhúsa-lofttegundum og fjármögnun loftslagsaðgerða. Ekki eru miklar líkur á því að hægt verði að standast þær væntingar og hætt er við að skortur á árangri geti brugðið fæti fyrir nýjan loftslagssamning. NOAK-hópurinn telur því að „outreach“ sé leið til að brúa bilið og byggja upp traust milli aðilanna. NOAK-hópurinn greinir frá ýmsum „outreach“-aðgerðum á embættismannastigi sem hópurinn hefur átt frumkvæði að. Sumum hefur þegar verið hrint í framkvæmd og þykja þær hafa tekist vel en aðrar eru á undirbúningsstigi. NOAK-hópurinn vinnur nú að gerð vinnuáætlunar með tillögum sem kynntar verða á fundi norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljø) í Reykjavík í apríl. NOAK hyggst efla „outreach“-aðgerðir á ráðherra- og embættismannastigi fram til loftslagsráðstefnunnar COP21 sem haldin verður í París 2015. NOAK-hópurinn bendir á að Norðurlöndin geta beitt sér víða á alþjóðlegum vettvangi í þeim tilgangi að byggja upp traust milli þjóða. Ennfremur geti samskipti hvernar Norðurlandaþjóðar við önnur ríki utan fundarherbergjanna komið að gagni. Starf NOAK-hópsins hefur beinst að minnst þróuðu ríkjum heims og litlum eyríkjum.

NOAK-hópurinn greinir frá því að Danir, Norðmenn og Svíar eigi sæti í stjórn *Græna loftslagssjóðsins* og muni þeir hafa samráð sín á milli á þeim vettvangi. Nú er verið að ýta sjóðnum úr vör og finna fjármagn til starfseminnar.

Norðurlandaráð

A 1612/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

Skrifstofan hefur greint Jens Stoltenberg frá frumkvæðinu en hann er sérlegur fulltrúi framkvæmdastjóra SP í loftslagsmálum. Viðbrögð hans voru jákvæð.

Norðurlandaráð

Skrifstofan leitaði til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Bonn til að kanna hvort sambærilegar aðgerðir væru hafnar annars staðar í tengslum við alþjóðlegu loftslagsviðræðurnar. Skrifstofa Loftslagssamningsins skýrði frá því að gripið hafi verið til ýmissa aðgerða til að greiða fyrir samningaviðræðunum. ESB og ýmis þróunarríki (þar á meðal nokkur AOSIS- og LDC-lönd) myndu óformlegan hóp, „*Progressive Group*“¹ (einnig kallaður *Cartagena Group*) sem hefur fundað þó nokkrum sinnum. Ráðherrafundur hafa verið haldnir í tengslum við setningu Allsherjarþings SP. Hópurinn tók þátt í gerð samkomulags á COP17-ráðstefnunni í Durban 2011 en það er svonefnt Durban-samkomulag.

A 1612/miljò

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

Skrifstofa Loftslagssamningsins í Bonn í Þýskalandi hefur staðið að loftslags-samræðum sem kenndar eru við Petersberg² og hafa þær verið haldnar árlega frá árinu 2010 í samstarfi við tilvonandi formennskuríki Loftslagssamningsins. Þar eru á ferð háttsettir fulltrúar frá um það bil 30 ríkjum. Nokkrum AOSIS- og LDC-löndum hefur verið boðið að senda fulltrúa á þessa fundi. Þá fara fram samræður á vettvangi *Major Economic Forum on Energy and Climate*³ þar sem fulltrúar stærstu hagkerfa heims funda reglulega. Engir fulltrúar AOSIS- eða LDC-landanna eru þar á meðal. Skrifstofu Loftslagssamningsins í Bonn er ekki kunnugt um sams konar aðgerðir og Grænlandssamráðið þar sem sjónum er beint að minnst þróuðu ríkjum heims (LDC), litlum eyríkjum (AOSIS) og löndum sem eru óvarin gegn loftslagsbreytingum (Climate Vulnerable Forum).

4. Niðurstaða

Samráð ráðherra iðnríkja og þróunarríkja

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd veitir því athygli að NOAK-hópurinn tekur undir grundvallarástæðu tilmællanna en hún er sú að ef gott samkomulag um loftslagsmál á að nást verður að brúa bilið milli iðnríkja og þróunarríkja, byggja upp traust og samræma væntingarnar. Þá lýsir nefndin yfir ánægju með það starf sem NOAK-hópurinn hefur unnið og hyggst fyrir í þessu skyni.

Nefndin veitir athygli þeim upplýsingum frá skrifstofu Loftslagssamningsins um að engir leiðtogafundir um loftslagsmál eru áformaðir með lykilaðilum frá minnst þróuðu löndum heims (LDC), litlum eyríkjum

¹ Definition: A collection of 27 countries seeking ambitious outcomes from the UNFCCC process and low carbon domestic output. Founded in 2010. Participating countries include Antigua and Barbuda, Australia, Bangladesh, Belgium, Colombia, Costa Rica, Ethiopia, France, Germany, Ghana, Indonesia, Malawi, Maldives, Marshall Islands, Mexico, Netherlands, New Zealand, Norway, Peru, Samoa, Spain, Tanzania, Thailand, Timor-Leste, Uruguay, UK and the European Commission. (Source: UNFCCC). Simple definition: An informal alliance (under the UNFCCC) of developed and developing countries which are striving for ambitious and progressive advances towards managing climate change.

² <http://www.bmub.bund.de/en/topics/climate-energy/climate/international-climate-policy/petersberg-climate-dialogue/>: The Petersberg Climate Dialogue began life in Copenhagen as a personal initiative of Federal Chancellor Angela Merkel and has since been used as a forum to build bridges in international climate negotiations. Its particular aim is to bridge the gap between implementation and negotiation so that the experience gained in the implementation of climate mitigation measures can be used to meet the challenges encountered in the climate negotiations and support the process.

³ <http://www.majoreconomiesforum.org/>

(AOSIS) eða löndum sem eru óvarin gegn loftslagsbreytingum (Climate Vulnerable Forum). Nefndin telur það loftslagsviðræðunum til framdráttar ef norrænir fagráðherrar taka höndum saman um að koma á samræðum á ráðherrastigi með fulltrúum frá iðnríkjum og þróunarríkjum, þar sem markhópurinn er minnst þróuðu ríki heims, lítil eyríki og lönd sem eru óvarin gegn loftslagsbreytingum.

Norðurlandaráð

A 1612/miljò

Græni loftslagssjóðurinn (The Green Climate Fund)

Umhverfis- og náttúruauðlindanefndin miðar við það sem reyndist helsti árangur loftslagsráðstefnunnar (COP15) í Kaupmannahöfn í desember 2009 þegar ákveðið var að setja Grænan loftslagssjóð á laggirnar. Í lokaskjali ráðstefnunnar, Kaupmannahafnarsamkomulaginu, er kveðið á um að tryggja beri sjóðnum 30 milljarða Bandaríkjadala á tímabilinu 2010–2012 en 2020 verði árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins orðið 100 milljarðar dala. Norðurlandaráð ákvað því að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna árið 2010 þess efnis að þær beittu sér fyrir því að náð yrði markmiði *Kaupmannahafnarsamkomulagsins* um að stofna og fjármagna *Grænan loftslagssjóð* (Nefndartillaga A 1513/miljò um eftirfylgni *Kaupmannahafnarsamkomulagsins*).

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmattillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

Nefndin fagnar því að *Græni loftslagssjóðurinn* er kominn á laggirnar og að þrjú Norðurlandanna eigi sæti í stjórn sjóðsins. Ennfremur að fimm árum eftir loftslagsráðstefnuna COP15 verði sjóðurinn tekinn til starfa. Ekki síst þróunarríkin vænta sín mikils af sjóðnum en honum er ætlað að fjármagna aðgerðir sem auðvelda óvörðum löndum að aðlagast loftslagsbreytingum og jafnframt aðgerðir til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin styður því tillöguna um að Norðurlöndin beiti sér fyrir frekari uppbyggingu *Græna loftslagssjóðsins* og taki þátt í fjármögnun sjóðsins.

Nefndin minnir einnig á tilmæli Norðurlandaráðs frá árinu 2012 þess efnis að veitt verði meira fjármagn í Norræna þróunarsjóðinn í því skyni að styðja við loftslagsaðgerðir í lágtekjuríkjum⁴. Fyrirkomulag þetta hefur verið við lýði um margra ára bil. Norðurlandaráð byggði tilmæli sín á óháðri úttekt sem gerð var á starfi Norræna þróunarsjóðsins að loftslagsverkefnum á árunum 2009-2011 en þar var farið afar lofsamlegum orðum um starfsemi sjóðsins. Í svari sem barst frá ríkisstjórnunum Norðurlandanna árið 2013 kom fram að ríkisstjórnir Norðurlandanna höfðu ekki lokið afgreiðslu á tilmælum Norðurlandaráðs.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að fjármagn er af skornum skammti og að því verði að vega og meta hvar það gerir mest gagn. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) þegar hefur sannað ágæti sitt og því er mikilvægt að kanna hvernig hann getur átt samstarf við *Græna loftslagssjóðinn* þegar fram líða stundir og sá síðarnefndi hefur tekið til starfa. Því leggur nefndin til að Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna þess efnis að þær styðji við uppbyggingu *Græna loftslagssjóðsins* og kanni hvernig *Norræni þróunarsjóðurinn* geti stutt við starfsemi Græna loftslags-sjóðsins.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd umhverfis- og náttúruauðlindanefndin til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær ásamt Norrænu ráðherranefndinni þrói og grípi til aðgerða í því skyni að greiða fyrir pólitískum samræðum ráðherra frá iðnríkjum og þróunarríkjum og auki þannig líkur á að samkomulag um loftslagsmál náist árið 2015;

⁴ Nefndartillaga um norrænu fjármögnunarstofnanirnar NIB, NEFCO og NDF sem tæki í loftslagsstarfi (A 1569/miljò)

að þær beiti sér fyrir uppbyggingu *Græna loftslagssjóðsins (Green Climate Fund)* og kanni hvernig *Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)* geti stutt við starfsemi *Græna loftslagssjóðsins*.

Norðurlandaráð

København, 3. april 2014

Anders Eriksson (ÅF)

Anita Brodén (FP)

Ann-Kristine Johansson (S)

*Brynhildur Pétursdóttir (Björt
framtíð)*

Christina Gestrin (sv), formann

Eeva-Maria Maijala (cent)

Lauri Heikkilä (saf)

Per Rune Henriksen (A)

Pertti Hemmilä (saml)

Sjúróður Skaale (Jvfl.), nestformann

Steen Gade (SF)

Silvia Modig (vänst)

Stefan Caplan (M)

Øyvind Halleraker (H)

A 1612/miljø

Fjallað um í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

A 1612/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

**Þingmannatillaga um
Norðurlönd sem tengilið á milli iðnríkja og þróunarríkja í
alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál**

Klimautfordringin er grunnleggjandi et spörsmál om á unngá meget uheldige endringer i økologi og menneskenes levevilkår i alle verdens land.

De pågående klimaforhandlinger har som mål å begrense stigningen av den globale gjennomsnittstemperatur til 2 grader. Samlet sett vil foreliggende nasjonale planer (hvis de blir gjennomført) i beste fall sikre at temperaturen ikke overstiger 3,6 grader. Med andre ord, det er lang vei til 2- graders-målsetningen, og tiden til å kunne oppnå det er ved å renne ut. Verden er med andre ord ved å løpe ut av tid til unngå farlige endringer i jordens klima.

Norden står for en brøkdel av de globale utslipp. EU alene står for kun 11 % av de globale utslipp av klimagasser og den andel er fallende. En løsning krever at alle land er med. Det viktigste mål for de nordiske lands klimapolitikk er derfor å få resten av verden med i en global avtale, som kan stoppe de farlige endringer av jordens klima. Norden kan fungere som en modell for det som er mulig å gjøre, vise veien og utnytte alle opsjoner til aksjon, som er farbare uten en global overenskomst. Men Norden kan også påta seg en spesiell rolle som brobygger mellom i- land og u-land.

Et vesentlig hinder i klimaforhandlingene er kløften mellom industriland og u-land hva angår forventninger om finansiering av klimatiltak i u-land. Dette var meget tydelig på siste COP i Polen. På COP15 i København i 2009 ble det konkludert at fra 2020 skulle det være tale om 100 milliarder USD om året. Som oppfølging er det nå opprette et fond, *The Green Climate Fund*⁵ (GC-Fondet). Hvorfra de 100 milliarder USD til fondet skal komme fra er uklart. Flere i-land hevder at størstedelen vil måtte være fra private kilder mens u-land presser på direkte bidrag fra regjeringene i i-landene.

⁵ <http://gcfund.net/home.html>

Hvis det ikke finnes løsning på disse uoverensstemmelser er det risiko for at målsetningen om avtale i 2015 ikke kan oppnås.

Norðurlandaráð

Globalt har de nordiske land hver for seg relativ sterk posisjon innenfor u-landsbistand og nyter en god anseelse bredt i verden av den grunn. Löndin eru fámenn og þykja því ekki líkleg til að ásælast yfirráð yfir öðrum landsvæðum. Samlet som Norden vil de enkelte lands styrke bli mangedoblet. Denne styrkeposisjon bør utnyttes til å forbedre forutsetningen for finansieringen av GC-Fondet, og dermed bane veien for en klimaavtale i 2015. De nordiske land bør både skape klarhet om egne bidrag til fondet og presse på andre i-land, spesielt innen EU, til å gjøre det samme.

A 1612/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9

De nordiske land bør også utnytte sin samlede styrkeposisjon til å fremme dialogen mellom i-land og u-land om hva nødvendige tiltak for å oppnå 2-gradersmålet er, og hva som er realistiske forventinger til den kommende klimaavtale i 2015.

I forkant av COP15⁶ i København 2009 sto den danske regjering i spissen for den såkalte Grønlandsdialog, som hadde som formål å fremme gjensidig forståelse og tillit. Selv om resultatene av COP15 ikke ble som håpet, vurderes Grønlandsdialogen som et konstruktivt bidrag til å skape gjensidig forståelse for klimautfordringen og hvordan den kan løses. Tilsvarende tiltak i forbindelse med Baselkonvensjonen og Londonkonvensjonen sikret fremskritt i de nevnte konvensjoner i 1990-erne og 1980-erne. Det er tilsynelatende ingen som har tatt likende initiativ som Grønlandsdialogen i forkant av COP 21 i Paris i 2015.

I forventning av at det vil bidra til bedre forhandlingsresultat foreslås at de nordiske land sammen tar initiativ til at det avholdes klimamøter på høyeste nivå mellom de ansvarlige nordiske ministre og noen nøkkelaktører i andre land. Aðalatriðið er að á fundinn mæti fulltrúar LDC-landanna (minnst þróuðu ríkjanna: Least Developed Countries), AOSIS-landanna (samtaka smáeyjaríkja) og Climate Vulnerable Forum (samtök landa sem eru óvarin gegn loftslagsbreytingum). Andre viktige aktører som Basic landene (Brazil, Syd-Afrika, India, Kina), EU og USA bør også inndras og orienteres.

De land som er mest sårbare overfor klimaendringene bør inngå i forberedelsen av det foreslåtte møtet, for dermed å sikre at agendaen tar utgangspunkt i de utfordringer som disse land står overfor. For å maksimere effekten bør dialogen gjennomføres i god tid innen COP20 i Lima i 2014.

Nordisk ministerråd har et veletablert samarbeid om klimaforhandlingene som er forankret i Den nordiske arbeidsgruppe for globale klimaforhandlinger (NOAK). Arbeidsgruppens hovedoppgaver er å forberede og medvirke til gjennomføring av undersøkelser og prosjekter, forberede relevante møter samt tilrettelegge konferanser, som kan understøtte de nordiske klimaforhandlernes posisjon i de globale klimaforhandlinger. Gruppens overordnede mål er å bidra til vedtagelsen av en global klimaavtale med bindende og ambisiøse mål. Gruppen har gjennomført flere analyser som kan være nyttig i forhold til å styrke og tilrettelegge dialogen mellom i-land og u-land.

På bakgrunn av ovenstående foreslås at Nordisk råd rekommanderer de nordiske lands regjeringer til

⁶ COP15 står for 15 "Conference of the Parties". Det er tale om COP til FNs klimakonvensjon (UNFCCC).

Það þær ásamt Norrænu ráðherranefndinni þrói og framkvæmi aðgerðir sem greiði fyrir pólitískum samræðum milli valinna ráðherra frá iðnríkjum og þróunarríkjum og auki þannig líkur á að samkomulag um loftslagsmál náist árið 2015;

Þá arbeide aktivt for á fremme oppbygningen av *Green Global Climate Fund*

København, 6. januar 2014

Steen Gade (SF)

Norðurlandaráð

A 1612/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00373-9